

greiðist í Landsbankanum, sem í eyðublaðinu hafa staðið. Það getur heldur ekki hafa verið meining þeirra með hinni umræddu klausu, að hún ætti að skiljast sem framsal á víxilupphæðinni fra Viðar til Ólafs, eins og stefndur hefir haldið fram, því slíkt framsal felst í eyðuframsali því, er Viðar ritaði aftan á víxilinn í sambandi við afhendingu víxilsins til Ólafs.

Þar sem afsögnin fór fram á lögmæltum tíma á heimili Ólafs Jóhannssonar, verður rjetturinn að telja hana lögmæta, og hefir stefnandi þá einnig varðveitt víxlrjett sinn á hendur stefndum Einari Viðar, og verður þá einnig að því er Einar Viðar snertir að taka kröfur stefnanda til greina, að öðru leyti en því, að rjett þykir að málskostnaður falli niður að því er hann snertir.

Miðvikudaginn 4. okt. 1922.

Nr. 8/1922.

Jón L. Hansson

(P. Magnússon)

gegn

Snæbirni Kristjánssyni

(L. Fjeldsted)

og

Einari M. Jónassyni,

sýslumanni

(Enginn).

Útaf rjetti áfrýjanda til ábylisjarðar sinnar.

Dómur aukarjettar Barðastrandarsýslu 10. okt. 1921: Stefnandi Jón L. Hansson hefir afsalað sjer ábúðarrjetti á jörðinni Hlíð í Þorskafirði, sem þannig er lokið. Hann greiði í eftirgjald eftir nefnda ábúðarjörð sína frá fardögum 1914 til brottfarar, gildandi árlegt verðlag á smjöri og ám með lömbum, og bæti stefndum þannig upp árlegt þegar greitt eftirgjald. Við brottför af jörðinni svari hann til álags, eftir mati úttektarmanna hreppsins, með fullri hliðsjón af umbót-

um lögum samkvæmt, svo greiði hann og í kostnað af málsókn þessari stefndum 150 krónur.

Dóminum að fullnægja með 15 daga fyrirvara frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Dómur hæstarjettar.

Aðalkrafa áfrýjanda hjer fyrir rjettinum er, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og að málinu verði vísað heim aftur til nýrrar og löglegrar dómsáleggingar. En til vara krefst hann, að dóminum verði hrundið og breytt á þá leið, að stefndi Snæbjörn Kristjánsson verði dæmdur til að gefa áfrýjanda afsalsbrjef fyrir jörðinni Hlíð í Þorskafirði gegn 2600 króna endurgjaldi, og til þrautavara, að með dómi hæstarjettar verði viðurkendur lífstiðarábúðar-rjettur áfrýjanda á jörðinni Hlíð gegn 130 kr. árlegu eftirgjaldi. Þá krefst hann og að stefndu verði báðir in solidum eða hvor í sínu lagi í því hlutfalli, sem rjetturinn ákveður, dæmdir til að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti að skaðlausu, svo og málskostnað fyrir undirrjetti eftir mati rjettarins. Loks krefst hann, að hjeraðsdómarinn verði látinn sæta sektum eða til vara aðfinslu fyrir ólöglega meðferð málsins.

Hjeraðsdómarinn, Einar M. Jónasson, sem stefnt hefir verið til ábyrgðar í málinu, hefir hvorki mætt nje mæta látið í rjettinum, og hefir þó stefnan verið löglega birt honum. En stefndi Snæbjörn Kristjánsson hefir látið mæta, mótmælt ómerkingar- og heimvisunarkröfu áfrýjanda og krafist að verða sýknaður og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að eftirgjaldið eftir jörðina Hlíð teljist frá fardögum 1915. Og til vara krefst hann að vera algjörlega sýknaður af vara- og þrautavarakröfu

áfrýjanda. Loks krefst hann einnig málskostnaðar fyrir hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Með því að ekki var leitað sátta um gagnkröfur þær, er stefndi setti fram í varnarskjali sínu fyrir undirrjettinum, og ekki var stefnt til að fá dóm fyrir þeim, brast hjeradsdómarann alla lagaheimild til að dæma um kröfur þessar að efni til, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að þessu leyti.

Hinsvegar er það tekið fram í forsendum auka-rjettardómsins, að kröfur áfrýjanda á hendur stefnda verði ekki teknar til greina, og verður því að líta svo á, að dæmt hafi verið um kröfur þessar í hjeradi, þótt þess sje ekki getið í dómsorðinu, og er því heimild til að leggja dóm á þessi atriði hjer fyrir rjettinum.

Áfrýjandi hefir leitt vitni í málinu eftir að dómur var kveðinn upp í hjeradi. En sönnun er enn ekki fengin fyrir því, að stefndi hafi bundið það fastmælum við áfrýjanda, að selja honum jörðina Hlíð í Þorskafirði, nje lofað honum lífstíðarábúð á jörðinni gegn 130 króna árlegu eftirgjaldi. Ber því að sýkna stefnda bæði af varakröfu og þrautavarakröfu áfrýjanda.

Ákvæði undirrjettardómsins um málskostnað í hjeradi standi óbreytt.

Það er ekki næg ástæða til að sekta undirdómarann fyrir ólöglega meðferð málsins. En með því að hann án allrar lagaheimildar kvað upp efnisdóm um gagnkröfur stefnda, og áfrýjandi gat ekki fengið dóminn feldan úr gildi að þessu leyti, nema með því að áfrýja honum, þá þykir rjett að skylda hjeradsdómarann til að greiða áfrýjanda málskostnað

fyrir hæstarjetti, er ákveðst 400 kr. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Snæbjörn Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda í þessu máli.

Áfrýjandi, Jón L. Hansson, greiði stefnda, Snæbirni Kristjánssyni, 150 kr. í málskostnað í hjerði.

Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði aukarjettardómur ómerkur vera.

Sýslumaður Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda 400 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, en að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

Málskostnaðarákvæðum dómsins skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dagsettri 7. maí 1921 hefir Árni Árnason frá Höfðahólum, sýslunefndarmaður, fyrir hönd Jóns L. Hanssonar í Hlíð í Þorskafríði höfðað mál þetta, fyrir aukarjetti Barðastrandarsýslu hinn 9. júní þ. á., gegn Snæbirni hreppstjóra Kristjánssyni í Hergilsey, og gjört þessar kröfur fyrir hönd umbjóðanda síns: 1. að stefndur gefi umbjóðanda hans Jóni L. Hanssyni afsal fyrir jörðinni Hlíð í Þorskafríði frá fardögum 1921, gegn 2600 króna greiðslu fyrir hana. 2. til vara, að stefndur gefi Jóni L. Hanssyni lífstíðarábúð á jörðinni, gegn 130 króna árlegu eftirgjaldi, og að stefnanda að síðustu við burtför sína frá jörðinni verði greiddur mismunurinn á virðingu jarðarinnar, eins og hún þá verður, og sölaverði hennar 2600 krónum. Að síðustu krefst hann málskostnaðar út í ystu æsar, og ekki undir 500 kr. til sáttakærudags 18. okt. 1920, eftir reikningi eða mati, eða hvorutveggja.

Stefndur í málinu, Snæbjörn hrstj. Kristjánsson í Hergilsey, hefir aftur á móti krafist sýknunar af öllum kærur og kröfum stefnanda, og enn fremur samkvæmt framlagðri gestarjettarsátt milli aðilja frá 3. júní þ. á. gjört þessar kröfur: 1. að stefnandi verði dæmdur að hafa fyrirgjört rjetti sínum kaupa sem ábúðar á jörðinni Hlíð. 2. að hann greiði til sín eftirgjald eftir jörðina Hlíð eftir gildandi árlegri verðlagsskrá á smjöri og ám með lömbum. 3. að hann svari til fulls ofanálags á jörðina þá hann frá henni fer. 4. að hann greiði sjer allan kostnað af málssókninni eftir mati rjettarins.

Að því er sjeð verður, eru tildrög málsins þessi, að vorið 1914 kom til tals milli aðilja um kaup og sölu á jörðinni Hlíð í Þorskafirði, sem er eignarjörð stefnds; var verið ráðgjört 2600 krónur, að því er stefnandi hermir, og flutti stefnandi Jón L. Hansson þá um vorið á jörðina, en ekkert gjörðist endanlegt milli þeirri um kaupin í það sinn, enda fól stefnandi þriðja manni að fastgjöra þau fyrir sína hönd, að því er honum segist frá, sem ótvírætt bendir til, að kaupin ekki voru fastráðin í þetta sinn. Að öðru leyti hefir ekkert komið fram í málinu, er upplýsi um, að þriðji maður sá, er falið var að gjöra út um kaupin, hafi framkvæmt það, eða á nokkurn hátt gengið frá því máli, hvorki munnlega eða skriflega, og þá heldur ekki tilkynt stefnanda neitt í þá átt, að hann hefði fest kaup á jörðinni fyrir hans hönd, svo stefnandi geti bygt kröfu á því til handa sjer, og heldur ekki hefir stefnanda tekist með vitnaframburði, eða á annan hátt, að færa rök að því, að honum hafi verið lofuð jörðin, hvað þá heldur seld, enda því tvímælalaust neitað af stefndum. Ekki virðist hægt að gefa stefndum heldur sök á því, að umboðsmaður stefnanda ekki hefir rækt starfið eins og til var seltast af honum, að sögn stefnanda. Af framangreindum ástæðum verður aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina, um að skylda stefndan að gefa umbjóðanda hans, Jóni L. Hanssyni, Hlíð, afsal fyrir tjeðri jörð.

Aftur á móti, að því er varakröfur stefnanda snertir, virðist ekki ástæða að taka þær sjerstaklega til athugunar, með því sætt sú, er aðiljar gjörðu milli sín fyrir gestarjetti Barðastrandarsýslu að Stað 3. júní s. l., framlagt rjskj. 6 í málinu, sem umboðsmaður stefnanda ekki hefir sjerstaklega vjefengt eða mótmælt sem ólögmati, eða komandi í bága við umboð hans frá 9. sept. 1920, verður að teljast koma í bága við þær kröfur, og útiloka þær, og geta þær þegar af þeim ástæðum ekki orðið teknar til greina, enda virð-

ast þær þess eðlis, að þær standi og eða falli með aðalkröfu stefnanda, eftir því sem á hana yrði litið.

Þar sem þannig hvorki aðal- eða varakröfur stefnanda verða til greina teknar, virðist ekki hjá því komist, eftir málsfærslunni hjer fyrir rjettinum, að leggja gestarjettarsátt aðilja frá 3. júní s. l. til grundvallar fyrir úrslitum þessa máls, og ber því: 1. að skylda stefnanda, Jón L. Hansson, að fara skilyrðis- og útburðarlaust af jörðinni Hlíð í Þorskafirði, og þannig að hafa fyrirgjört ábúðarrjetti sínum. 2. að hann greiði stefndum mismun á eftirgjaldi eftir jörðina Hlíð, er svari til árlegs greidds eftirgjalds, og þess, er greiða bar eftir verðlagsskrá hvert ár, í smjöri og ám með lömbum, allan þann tíma, er hann fyrst fluttist á jörðina, til þess tíma hann frá heanni fer. 3. að hann svari til álags á jörðina eftir mati úttektarmanna, lögum samkvæmt. (Umboðsmaður stefnanda hjer fyrir rjettinum hefir ekki sjerstaklega mótmælt því, að þessar kröfur fælust í settinni). 4. og að hann greiði stefnda kostnað hans af máli þessu, er ákveðst 150 krónur.

Miðvikudaginn 18. okt. 1922.

Nr. 19/1922.

Árni J. Hafstað,
Þórarinn Sigurjónsson
og Jón Jónsson

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Kr. P. Briem

(Enginn).

Landamerksamál. Ómerkingardómur.

Dómur merkjadóms Skagafjarðarsýslu 31. maí 1921: Landamerki milli Grænhóls í Skarðshreppi annarsvegar og Víkur og Glæsibæjar í Staðarhreppi hinsvegar (Glæsibæjar að því leyti, sem sú jörð á óskift beitoland með Vík) skulu vera þessi: